
2007 nr. 37 27. mars**Lög um sameiningu Kennaraháskóla
Íslands og Háskóla Íslands**

Tóku gildi 1. júlí 2008.

- **1. gr.** Kennaraháskóli Íslands og Háskóli Íslands skulu sameinast undir einu nafni, Háskóli Íslands.
- **2. gr.** Nemendur, sem við gildistöku laga þessara eru í námi við Kennaraháskóla Íslands, eiga rétt á að ljúka því námi við sameinaðan háskóla, Háskóla Íslands, samkvæmt því námsskipulagi sem í gildi er við gildistöku laga þessara, miðað við gildandi reglur um námsframvindu.
- **3. gr.** Við gildistöku laga þessara tekur sameinaður háskóli, Háskóli Íslands, sbr. 1. gr., við eignum og skuldbind-

ingum Kennaraháskóla Íslands. Sama gildir um ónýttar fjárhjáheimildir á fjárlögum fyrir árið 2008 fyrir Kennaraháskóla Íslands.

- Við gildistöku laga þessara flytjast störf ótímabundið ráðinna kennara, sem uppfylla skilyrði 18. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006, og annarra ótímabundið ráðinna starfsmanna Kennaraháskóla Íslands, yfir til hins sameinaða háskóla, Háskóla Íslands.
- Um flutning starfa skv. 2. mgr. fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, með síðari breytingum.
- Við gildistöku laga þessara verður embætti rektors Kennaraháskóla Íslands lagt niður.
- **4. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2008. . . .